


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Áfangaheiti NSFXS12 Kennsluáætlun haust 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

Kennari	Rögnvaldur Ragnar Símonarson	Sk.st.	RÖS
----------------	------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Náms- og starfsfræðsla, sem hér um ræðir, er bóklegt nám sem kennt er samhliða starfsnámi nemenda starfsbrautar á 3. og 4. ári. Nemendur skoða vinnumarkaðinn á Íslandi. Farið er yfir gagnkvæmar skyldur vinnuveitenda og starfsmanna, yfir öryggis- og umhverfismál, hættur og hollustu. Þá er einnig fjallað um þátt stéttarféлага og hlutverk þeirra. Nemendur kynnast helstu atvinnufyrirtækjum í nærsamfélaginu og þeim möguleikum sem standa þeim til boða m.t.t. atvinnuþátttöku.

Markmið:

- Að nemendur kynnist helstu atvinnufyrirtækjum í nærumhverfinu
- Að nemendur kynnist íslenskum vinnumarkaði
- Að nemendur kynnist þeim atriðum sem taka ber tillit til við starfsval
- Að nemendur þekki tilgang starfa og mikilvægi þess í tengslum við önnur störf
- Að nemendur fræðist um öryggi og hollustuhætti á vinnustað
- Að nemendur fræðist um réttindi og skyldur launþega
- Að nemendur kunni að lesa og skilja launaseðil
- Að nemendur þekki helstu samtök launafólks og hlutverkum þeirra

Námsgögn: Myndbönd, gátlistar og önnur ljósrit

Áætlun um yfirferð:

Fyrsta lota fer í að kynna nemendum vinnustaði sem í boði eru, valið á starfsnámsstað undirbúið og farið í heimsóknir á vinnustaði. Íslenskur vinnumarkaður er skoðaður og hvernig hann skiptist í almennan og opinberan vinnumarkað. Einnig er farið yfir starfssnámsgátlista og þau atriði sem skipta máli varðandi vinnuna.

Í annarri lotu vinna nemendur ferilskrá sína og gera lýsingu á starfsnámsstöðum á glærur. Áfram verður unnið með öryggismál og hollustuhætti á vinnustað. Jafnframt og samhliða þessu er alla önnina farið yfir stöðu starfsnámsins og vandamál sem kunna að koma upp og þau rædd.

Í þriðju og síðustu lotu eru lok starfsnámsins undir búinn. Nemendur gera sjálfsmat. Farið er yfir starfsmatið með atvinnurekanda og síðan nemendum og þeim kynntar niðurstöður þess.

Verkefni: Tímaverkefni

Námsmat og vægi námsþátta: Mætingar, áhugi og virkni 40%. Verkefni 30%.
Próf 30%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils